



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Staða innritunar í leikskóla Reykjavíkurborgar fyrir haustið 2019

Þann 27. maí 2019 voru 5.393 börn með vistun í leikskólum Reykjavíkurborgar en heildarfjöldi pláss miðað við stýringu, þ.e. hámarksfjölda barna sem er leyfilegur í leikskólum Reykjavíkur, er 5.722. Laus pláss eru 288.

Frá því að aðalinnritun í leikskóla fyrir haustið 2019 hófst þann 20. mars 2019 hefur öllum börnum sem verða orðin 18 mánaða 1. september 2019, auk barna sem hafa verið metin í forgangi og áttu umsókn um leikskólavist þann 20. mars 2019, verið boðin leikskólavist. 1439 börn hafa þegið boð. Tíu börn voru enn á biðlista eftir að búið var að bjóða öllum börnum vist og eru ástæður helstar að foreldrar vildu bíða eftir ákveðnum leikskóla eða vildu lengri umhugsunartíma. Af þessum tíu börnum er um helmingur á bið eftir leikskóla í Grafarholti og Úlfarsárdal. Engin börn voru á bið eftir leikskóla í Breiðholti og Grafarvogi.

Samkvæmt reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu, samþykktum í borgarráði 3. febrúar 2011, með síðari breytingum, skal frá og með aðalinnritunardegi leikskóla að vori, sem auglýstur er á heimasíðu skóla- og frístundasviðs, ekki unnið úr nýjum umsóknum og flutningsumsóknum í 21 dag en þá er unnið úr fyrirbyggjandi umsóknum um leikskóla. Þegar opnað var fyrir umsóknir á ný höfðu bæst við 111 umsóknir vegna barna sem verða orðin 18 mánaða 1. september 2019. Um var að ræða 67 nýjar umsóknir, flestar vegna barna sem eru nýflutt til Reykjavíkur og 44 flutningsumsóknir fyrir börn sem eru nú þegar í leikskóla í Reykjavík. Unnið er að því að innrita þau börn sem sóttu um eftir 20. mars 2019. Innritun í leikskóla er sífellt í gangi, biðlistinn er mjög lifandi og breytingar verða daglega. Þann 15. apríl 2019 var síðan opnað fyrir inntöku barna sem fædd eru í mars og apríl 2018 eftir því sem aðstæður leyfa á hverjum stað.

Þann 27. maí 2019 er staðan þannig að 48 börn fædd frá febrúarlokum 2018 og eldri eru á biðlista eftir leikskólavist auk þess sem 36 börn eru með umsókn um flutning milli leikskóla.

1531 barni sem fætt er frá 30. apríl 2018 hefur verið boðin leikskólavist frá hausti 2019. Þar af eru einnig 43 börn fædd 1. maí til 30. september sem eru metin í forgangi.

Nú eru 259 börn fædd frá 1. mars til 30. júní 2018 á biðlista eftir leikskólavist þ.e. börn sem verða 14-17 mánaða 1. september nk. Af þeim eru 7 börn sem eru á sjálfstætt starfandi leikskóla og forsjáraðilar hafa óskað eftir flutningi á borgarrekinn leikskóla.

Fæðingarmánuður	Fjöldi á biðlista	Boðin vistun*
Mars 2018	32	60
Apríl 2018	57	44
Maí 2018	97	7
Júní 2018	73	8
Samtals	259	119

* Boðin vistun: Búið er að bjóða barni leikskólavist frá hausti 2019. Maí og júní börnum sem búið er að bjóða eru með samþykka forgangsumsókn.

Í langflestum hverfum borgarinnar hefur tekist að bjóða yngri systkinum leikskólavist í sama leikskóla og eldra systkini. Undantekningar frá þessu eru helst í Vesturbæ og Grafarholti. Þau sem ekki fengu boð í sama leikskóla og eldra systkini 20. mars sl. og fengu boð um leikskólavist annars staðar, hafa verið að færa sig yfir á leikskóla eldra systkinis, þegar pláss losna og komið er að þeim í aldursröðinni. Leikskólastjórar halda vel utan um þennan hóp og leggja mikla áherslu á að vakta þegar komið er að viðkomandi barni í röðinni að hafa samband við foreldra og bjóða þeim að færa barnið.